

		Kr.	A.
<b>163</b>	3. Eyjafjarðarsýsla:		
	1. Kostnaður til vegabóta . . . . .	1137 — 07 -	
	2. Eptirstöðvar . . . . .	<u>100 — 09 -</u>	1237 16
	4. Þingeyjarsýsla:		
	1. Kostnaður til vegabóta . . . . .	1080 — 75 -	
	2. Eptirstöðvar . . . . .	<u>816 — 04 -</u>	1896 79
	5. Norðurmúlasýsla:		
	1. Kostnaður til vegabóta . . . . .	791 — 12 -	
	2. Eptirstöðvar . . . . .	<u>1253 — 97 -</u>	2045 09
	6. Suðurmúlasýsla:		
	1. Skuld frá f. á. . . . .	1200 — " -	
	2. Kostnaður til vegabóta . . . . .	1868 — 41 -	
	3. Önnur gjöld (vextir) . . . . .	48 — " -	
	4. Eptirstöðvar . . . . .	<u>208 — 24 -</u>	3324 65

Akureyri, 2. nóvembermánaðar 1879.

*Christiansson.*

**164**  
28. okt.

— *Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um inntöku á prestaskólann.* — Eptir að hafa meðtekið álit stiptsyfirvaldanna um brjef forstöðumanns prestaskólans frá í gær, þar sem hann ber sig upp undan því, að stiptsyfirvöldin hafa veitt cand. phil. Þjetri Jónssyni inntöku á prestaskólann, vil jeg tjá yður til þóknarlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda, að hinum umrædda stúdent verður ekki neit að um inntöku í tjeðan skóla samkvæmt 3. gr. reglugjörðar 30. júlí 1850.

Út af ummælum forstöðumannsins í nefndu brjefi, finn jeg ástæðu til, að skora á stiptsyfirvöldin, að brýna fyrir hlutaðeigöndum, að þó það sje ekki tekið fram í reglugjörð prestaskólans, eins og í 5. gr. reglugjörðar 9. ágúst 1876 fyrir læknaskóla í Reykjavík, að forstöðumaður skólans og hinir kennararnir skuli hafa nákvæmt eptirlit með siðferði lærisveina, hvílir skylda þessi ekki síður á kennurum prestaskólans en læknaskólakennurunum, og að lærisveinar prestaskólans, ef þeir gjöra sig seka í ofnautn áfengra drykkja eða annari óreglu skulu áminntir af forstöðumanni. Verði slík áminning árangurslaus, þrátt fyrir það, að hún hafi verið ítrekuð þrisvar sinnum, skal forstöðumaður gjöra ráðstöfun til þess, að hlutaðeigandi lærisveini verði vísað burt úr skólanum, sbr. brjef landshöfðingja 25. septbr. 1875 (stjórnartíð. s. á. B. 69.)<sup>1</sup>.

#### EMBÆTTASKIPUN.

Hinn 30. dag októbermánaðar voru prestarnir sira Lárus Halldórsson á Valþjófsstað og sira Benedikt Kristjánsson á Grenjadarstað skipaðir prófastar: hinn síðar nefndi í Suður-Þingeyjar prófastsdæmi; en hinn fyrnefndi í Norður-Múla prófastsdæmi.

#### HEIÐURSGJAFIR.

30. septbr. voru af vöxtum gjafasjóðs Christians konungs hins níunda í minningn þúsundaráhátíðarinnar veittar þessar heiðursgjafir samkvæmt tillögum hlutaðeigandi sýslunefnda:

Eyjólfi bónda Guðmundssyni á Geitafelli á Vatnsnesi 160 kr. fyrir framúrskarandi framkvæmdir við æðarvarp.

Jóni Halldórssyni 160 kr. fyrir þúfnasljettun (16570 [ ] faðma) garðrækt, kirkju- og húsabyggingar á 2 jörðum, er hann hefir búið á, Búrfelli í Grímsnesi og Suðurreykjum í Mosfellssveit.

1) Sbr. konungsbrjef 3. júní 1746, sem fyrirskipar, að biskup megi ekki prestvígja neinn, er fundist hefir drukkinn, nema því að eins að sannað sje, að hann hafi þétt ráð sitt.